

Lífshlaupið.

Skólinn tók þátt í Lífshlaupinu 3. til 23. febrúar. Í þessu verkefni voru allir landsmenn hvattir til þess að huga að daglegri hreyfingu sinni og auka hana eins og kostur er þ.e. í frítíma, heimilisverkum, vinnu, skóla og við val á ferðamáta. Skrá mátti alla hreyfingu en hún þurfti að ná minnst 30 mínútum samtals hjá fullorðnum og minnst 60 mínútur samtals hjá börnum og unglíngum til að fá dag skráðan.

Flestir bekkir skólans tóku þátt og starfsfólk. Áhugi og dugnaður við að skrá var misjafn eftir hópum. Skemmst er frá því að segja að nemendur stóðu sig afbragðs vel og lentu í fimmta sæti í sínum flokki, fjórðu bekkingar hreyfðu sig mest allra nemenda sem skráðu sig. Til hamingju með það fjórðu bekkingar. Starfsfólk skólans varð í 71. sæti og sveitarfélagið vað í 31. sæti í sínum flokkum. Af þessu má ljóst vera að nemendur stóðu mun betur en fullorðna fólkið!

Bekkur	Fjöldi	Dagar	Hlutfall	Mínútur	Hlutfall
4. bekkur	30	521	17,37	56919	1897,3
6. bekkur	21	329	15,67	37285	1775,48
5. bekkur	32	486	15,19	41139	1285,59
3. bekkur	35	528	15,09	49950	1427,14
2. bekkur	19	213	11,21	14640	770,53
8. bekkur	3	24	8,0	1650	550,0
7. Bekkur	36	229	6,36	15585	432,92
10. bekkur	8	44	5,5	3125	390,63
9. bekkur	7	32	4,57	2470	352,86
1. bekkur	0	0	0,0	0	0,0
Samtals:		Dagar:	2.406	Mínútur:	222.763

